

-----  
Þ I N G G E R Ð  
-----

25. ársþings Körfuknattleikssambands Íslands sem  
haldið var í Eiríkshúsi á Hótel Loftleiðum 17. og  
18. maí 1985.

## 25. ÁRSÞING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Haldið í Eiríksbúð á Hótel Loftleiðum 17. og 18. maí 1985.

### Fyrri dagur.

#### I. SETNING ÞINGSINS.

Formaður sambandsins, Eiríkur Ingólfsson, setti þingið. Hann bauð þingfulltrúa velkomna og þá sérstaklega Hermann Guðmundsson framkvæmdastjóra Í.S.Í.

Hann kvaðst vilja ganga á undan með góðu fordæmi og vera stutt-  
orður, óskaði þinginu velfarnaðar í störfum og gekk til dagskrár.

#### II. a) KOSNING KJÖRBRÉFANEFNDAR.

Stungið var upp á: Birni Björgvinssyni  
Helga Helgasyni  
Hilmari H. Gunnarssyni  
og voru þeir rétt kjörnir.

#### b) KOSNING ÞINGFORSETA:

Tillögur voru um Bjarna P. Magnússon sem 1. þingforseta og Jónas Inga Ketilssyni sem annan þingforseta. Ekki bárust fleiri tillögur og voru þeir því rétt kjörnir.

#### c) KOSNING ÞINGRITARA.

Stungið upp á Kolbrúnu Jónsdóttur og Þórdísi Kristjánsdóttur til vara og voru þær kjörnar.

#### III. KOSNING FASTRA NEFNDA.

Tillögur fráfarandi stjórnar:

Laga- og leikreglnanefnd	Allsherjarnefnd	Fjárhaganefnd
Sigurður Lárus Hólm	Kristinn Guðnason	Kristinn Stefánss.
Gunnar Þorvarðarson	Brynjar Sigmundss.	Kristinn Jörundsson
Eiríkur Sigurðsson	Ómar Þráinsson	Jón Sigurðsson

Þeir Eiríkur Sigurðsson og Kristinn Jörundsson gáfu ekki kost á sér til starfa og var stungið upp á Hilmari Hafsteinssyni í stað Eiríks og Helga Helgasyni í stað Kristins og voru nefndirnar kjörnar með þeim breytingum.

#### IV. FRÁFARANDI STJÓRN GEFUR SKÝRSLU SÍNA.

Formaðurinn, Eiríkur Ingólfsson, fór yfir skýrsluna í stórum dráttum og tíundaði það sem kom þar fram en henni hafði verið dreift meðal þingfulltrúa.

Hann þakkaði fráfaranði stjórn svo og framkvæmdastjóra fyrir mjög gott samstarf á liðnu starfsári. Einnig þakkaði hann þeim sem starfað höfðu í nefndum á vegum sambandsins svo og forsvarsmönnum aðildarféлага fyrir gott samstarf.

#### V. GJALDKERI LEGGUR FRAM ENDURSKOÐAÐA REIKNINGA SAMBANDSINS, TIL SAMÞYKKTAR.

Kristinn M. Stefánsson fráfaranði gjaldkeri las upp reikninga og gerði grein fyrir þeim liðum sem hann taldi þurfa skýringa við og þá fyrst og fremst styrkir til Unglinganefndar og landsliðsnefndar.

Nú hafði kjörbréfanefnd lokið störfum og hafði Helgi Helgason orð fyrir henni. Hann las upp nöfn þingfulltrúa og bað þá að rísa úr sætum :

Þingið saðu eftirtaldir fulltrúar:

Frá ÚÍA: Hallgrímur Þórarinsson

Frá ÍBR: Gísli Georgsson

Þórdís Anna Kristjánsdóttir

Kolbrún Jónsdóttir

Sigvaldi Ingimundarson

Þóra Steffensen

Björn Leósson

Björn M. Björgvinsson

Jón Sigurðsson

Guðmundur Eiríksson

Kristinn Árnason

Gunnar Pálsson

Kristinn Stefánsson

Ómar Þráinsson

Björn Magnússon

Hilmar H. Gunnarsson

Símon Ólafsson

Helgi Helgason

Torfi Magnússon

Auðunn Ágústsson

Frá ÍBR: (frh) Sigurður Lárus Hólm  
 Brynjólfur Lárentsínusson

Frá ÍBK: Stefán Kristjánsson  
 Jón Hólm Guðbrandsson

Frá ÍBS: Vilborg Guðjónsdóttir  
 Ásta Fossátal  
 Brynjar Sigmundsson  
 Júlíus Valgeirsson  
 Gunnar Þorvarðarson  
 Viðar Kristjánsson  
 Hilmar Hafsteinsson

Frá ÍBA: Eiríkur Sigurðsson  
 Guðmundur Guðmundsson

Frá UMSB: Þór Gunnars Daníelsson

Frá ÍBH: Kristinn Guðnason  
 Ingvar Kristinsson  
 Ásgrímur Ingólfsson  
 Pálmar Sigurðsson

Frá UMSK: Atli Arason  
 Sigurður Hjörleifsson.

Gjaldkeri sambandsins gerði því næst grein fyrir reikningum Landsliðsnefndar í fjarveru gjaldkera hennar.  
 Torfi Magnússon gerði grein fyrir reikningum Unglinganefndar.

Þessu næst var orðið gefið laust um skýrslu stjórnar og reikningana.

Hermann Guðmundsson framkvæmdastjóri ÍSÍ kvaddi sér hljóðs. Hann hóf mál sitt á því að fjalla lítillega um þau tímamót sem Körfuknattleikssambandið stæði nú á þar sem þetta væri 25. ársþing þess og benti hann á sem merki um öra endurnýjun að aðeins væri einn maður á þessu þingi sem hann myndi eftir frá fyrstu þingum KKÍ. Hann flutti kveðju til þingsins frá forseta og framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Hann fjallaði um nýbyggingu ípróttahreyfingarinnar í Laugar-  
 dal. Kom því næst inn á lyfjamál og harmaði að við Íslend-  
 ingar skyldum ekki vera hreinir og lausir við þennan ófögnuð.  
 Kvað hann ÍSÍ hafa reynt að taka á vandamálinu með stofnun  
 lyfjaeftirlitsnefndar og fyrirbyggjandi aðgerðum en því miður  
 virtust þær ekki hafa dugað.

Hermann benti á öran vöxt íþróttahreyfingarinnar m.a. hefðu tvær nýjar íþróttagreinar verið samþykktar á nýafstöðnum sambandsstjórnarfundum ISÍ, þ.e. keila og veggjabolti og nýtt sér-samband Karatesamband Íslands hefði litið dagsins ljós, síðast en ekki síst lög fyrir umsókn um stofnun Tennissambands. Hann gerði síðan grein fyrir störfum sambandsstjórnarfundar, úthlutun styrkja til sér-sambandanna svo og úthlutun úr ferðasjóði ISÍ og Flugleiða.

Að lokum þakkaði Hermann fyrir gott samstarf á liðnum árum, þó sérstaklega þeirri stjórn sem starfað hefði sl. ár og þá ekki síst framkvæmdastjóranum.

Hann óskaði síðan Körfuknattleikssambandi Íslands allra heilla í framtíðinni.

Guðmundur Eiríksson vildi gera athugasemd vegna stöðu K.R. samkvæmt ársreikningum. Kvað hann framkvæmdatjóra hafa gerst innheimtuaðila fyrir Íþróttahús Seljaskóla og því væri staða K.R. ekki betri en raun bæri vitni.

Auðunn Ágústsson sagði að sér fyndist vanta yfirlit yfir hreyfingar á reikningum félaga. Hann kvaðst eiga bággt með að samþykkja reikningana án þess að vita hvað hefði verið fært á milli.

Hilmar Hafsteinsson gerði athugasemd við liðinn tekjur af leikjum sem væri upp á rúm 100 þúsund og taldi hann UMFN hafa greitt um 40 % af þeirri upphæð og þætti sér skrytið ef það væri rétt.

Kristinn Guðnason harmaði að tvö af úrvalsdeildarfélagunum skyldu ekki sjá sér fært að styrkja Unglinganefnd með því smáræði sem sjónvarpstekjur væru og óskaði hann eftir skýringu á því.

Sigurður Lárus Hólm kvað að frá hendi Vals væri hér um "prinsíp" mál að ræða.

Enginn stjórnarmaður úr Í.R. var staddur á þinginu þannig að engin svör fengust úr þeirri átt.

Þessu næst voru reikningar bornir undir atkvæði og samþykktir.

VI. Fráfarandi stjórn leggur fram fjárhagsáætlun.

Ásamt fjárhagsáætlun voru lagðar fram tvær hliðartillögur.  
(sjá þingskjöl nr. 11, 11a og 11b.) Var öllum þessum tillögum vísað til fjárhagsnefndar.

VII. Lagðar fram laga- og leikreglnabreytingar.

Kolbrún Jónsdóttir talaði fyrir tillögum á þingskjölum nr. 1-4. Hún gerði lauslega grein fyrir því hverju væri verið að breyta og vildi sérstaklega benda á að á þingskjali nr. 2 þar sem segir "Ef þátttökulið eru 10 eða fleiri skal leikið í riðlum" þýddi ekki að bannað væri að leika í riðlum ef lið væru færri.

Sigurður Lárus Hólm talaði fyrir tillögum á þingskjölum nr. 5 - 8. Fyrst og fremst þó nr. 5 sem fjallar um Bikarkeppni. Hinar tillögurnar eru lagðar fram til samræmis. Hann gerði grein fyrir ásæðum þeim er að baki lögju og hvað breytingarnar hefðu í för með sér.

Ingvar Kristinsson dró til baka tillögu á þingskjali nr. 9.

Björn Leósson talaði fyrir tillögu á þingskjali nr. 10. Kvað hann ástæðuna vera fyrst og fremst nauðsyn þess að fjölga leikjum og að allir væru að spila við jafningja allan veturinn.

Nú var leitað afbrigða til að bera fram tillögur sem ekki höfðu borist í tæka tíð samkvæmt lögum KKI og var það samþykkt.

Tillaga frá Jóni Sigurðssyni. (sjá þingskjál nr. 12)  
Öllum þessum tillögum var vísað til laga og leikreglnanefndar.

Umræður um tillögur og fjárhagsáætlun.

Björn Björgvinsson lagði til við laga- og leikreglnanefnd að hún íhugaði að bera fram tillögu um að þau félög sem tilkynna þátttöku í Íslandsmót eftir að tilkynningafrestur rennur út, greiddu 50% hærra þátttökugjald og að tilkynningafrestur yrði færður til 1. ágúst.

Einnig lagði hann til að þau félög sem senda meistaraflokka til keppni skuli greiða, auk þátttökugjalds, upphæð sem nemur þátttökugjaldi fyrir þrjá yngri flokka og skyldi það fé renna óskert til Unglinganefndar. (Vísað til fjárhagsnefndar)

Hilmar Hafsteinsson skoraði á þingheim að samþykkja báðar tillögurnar sem fram hefðu komið varðandi yngri flokka. Hann bar einnig fram tillögu frá UMFN samkvæmt þingskjali nr. 13. Vísað til Laga-og leikreglnanefndar.

Var nú gert þinghlé til kl. 13.00 næsta dag.

Síðari dagur.

IX. Nefndaálit og tillögur og umræður um þær.

a) Fjárhagsnefnd.

Kristinn Stefánsson mælti fyrir meirihluta nefndarinnar en ekki náðist samstaða.

Meirihlutinn lagði til að fjárhagsáætlun yrði samþykkt óbreytt eins og hún er á þingskjali nr. 11.

Meirihlutinn lagði einnig til að tillaga á þingskjali nr. 11 b yrði samþykkt.

Samstaða náðist í nefndinni um að leggja til að tillaga á þingskjali nr. 11 a, yrði samþykkt.

Einnig var samstaða um að mæla með samþykkt tillögu frá Birni Björgvinssyni sem hljóðar svo " Þau félög sem senda meistara-flokk til þátttöku í Íslandsmóti skulu, auk þátttökugjalds, greiða upphæð sem svarar til þátttökugjalds fyrir þrjá yngri flokka og renni það fé óskert til Unglinganefndar."

Helgi Helgason, minnihluti nefndarinnar, bað um að fá að skýra sitt mál. Hann hafði smáformála að því hver væri ástæðan fyrir því að hann væri ósammála samnefndarmönnum sínum. Hann taldi nauðsynlegt að EM og landsliðið hefðu algeran forgang og hann sæi ekki hvernig það ætti að vera hægt með aðeins 200,000.- kr. styrk frá KKÍ.

Hann benti á nokkra tekjuliði í ársreikningum sem hvergi væri getið um í fjárhagsáætlun.

Kristinn Steánsson benti á að þeir tekjuliðir sem Helgi talaði um hefðu gjaldaliði á móti og í raun væri þarna um 30.000 kr. tap að ræða. Kristinn bar nú fram tillögu um að 50.000.- kr. af skuld Unglinganefndar við KKÍ yrði felld niður.

Þingforseti lagði nú fram tillögu á þingskjali nr. 11 a.

Kristinn Guðnason lagði til að tekjum af sjónvarpssendingum yrði alfarið varið til landsliða.

Helgi Helgason fagnaði tillögu Kristins. Kvaðst hann vita, sem fyrrverandi starfsmaður KKÍ, að alltaf kæmu óvæntar tekjur inn. Benti m.a. á að styrkir samkvæmt ársreikningum væru hærri að krónutölu en áætlaðir styrkir samkvæmt fjárhagsáætlun.

Kristinn Stefánsson svaraði því til að styrkir frá fyrra ári væru að sjálfsögðu hærri vegna styrks Hildu h.f. sem veittur var í til-efni af 20 ára afmæli fyrirtækisins.

Sigurður Lárus Hólm gerði fyrirspurn varðandi sjónvarpstekjur af EM. 1986.

Kristinn Stefánsson svaraði að hugsanlegar tekjur af sjónvarps-sendingum frá EM, rynnu til EM nefndar.

Jónas Ingi Ketilsson vildi benda mönnum á að sú upphæð sem hér um ræðir væri um 8.000.- kr. á hvert úrvalsdeildarfélag og hann gerði ekki ráð fyrir að sú upphæð myndi skipta sköpum fyrir þau.

Þingforseti bar nú breytingatillögu frá Kristni Guðnasyni við þingskjal nr. 11 a undir atkvæði og var hún samþykkt með 13 atkvæðum gegn 7.

Tillaga Björns Björgvinssonar nú lögð fram til umræðu.

Eiríkur Sigurðsson bar fram breytingatillögu sem felur í sér að að þau lið sem senda meistaraflokka til keppni skuli greiða þátt-tökugjöld vegna tveggja yngri flokka í stað þriggja.

Sigurður Lárus Hólm vildi benda á misjafna aðstöðu félaga, sum hefðu enga möguleika á að senda yngri flokka og hefðu jafnvel meira en nóg með að senda meistaraflokk.

Breytingatillaga Eiríks Sigurðssonar nú borin undir atkvæði og samþykkt með 15 atkvæðum gegn 10.

Tillaga fjárhagsnefndar með áorðnum breytingum borin undir atkvæði og samþykkt með 14 atkvæðum gegn 4.



Þingskjal nr. 11 b nú lagt fram til umræðu.

Ingvar Kristinsson lagði til að tillaga um að fá hingað erlendan dómara yrði felld.

Helgi Helgason fagnaði tillögu Ingvars.

Kristinn Guðnason taldi ófært að leggja frekari skatta á félögin.

Tillaga á þingskjali 11 b var nú borin undir atkvæði og felld með 19 atkvæðum gegn 6.

Tillaga frá Kristni Stefánssyni um að 50 þúsund krónur af skuld Unglinganefndar við KKÍ yrði felld niður var borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Helgi Helgason bar nú fram svohljóðandi tillögu:

"Lagt er til að styrkur KKÍ til landsliðsnefndar verði hækkaður úr 200.000.- kr. í krónur 450.000.- vegna EM'86 sem haldið verður á Íslandi næsta vor."

Jónas Ingi Ketilsson bar saman reikninga unglínganefndar og landsliðsnefndar og lýsti í framhláði af því andstöðu sinni við tillögu Helga.

Helgi Helgason benti á að aðeins tveir af gjaldaliðum væru fastir en það eru styrkir til unglínganefndar og landsliðsnefndar.

Kristinn Stefánsson benti á að á fundi fjárhagsnefndar hefði verið rædd sú hugmynd að fá hingað aftur Harlem Globetrotters og gæti hann ekki séð annað en að það ætti að geta verið góð tekjulind.

Kristinn Guðnason spurði hvaðan ætti að taka 250.000.- kr. í viðbót.

Helgi Helgason reyndi að benda á þær leiðir sem hann hafði áður bent á. Hann tók sem dæmi um erfiða fjárhagsstöðu landsliðsnefndar að núna, í fjarveru landsliðsþjálfara væri aðstoðarþjálfari að vinna auplaust.

Jónas Ingi Ketilsson benti á að þar sem Einar Bollason væri á fullum launum teldi hann ekki óeðlilegt að sá sem starfaði fyrir hann fengi einhvern hluta af launum Einars.

Breytingatillaga Helga Helgasonar borin undir atkvæði og samþykkt með 13 atkvæðum gegn 12. Síðan var fjárhagsáætlun með áorðnum breytingum borin undir atkvæði og samþykkt með 11 atkvæðum gegn 6.

Var nú gert stutt hlé á þingstörfum.

b) LAGA-OG LEIKREGLNANEFND.

Sigurður Lárus Hólm hafði orð fyrir nefndinni.

Þingskjal nr. 1. Nefndin lagði til að tillagan yrði samþykkt óbreytt. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 2. Nefndin lagði til að það yrði samþykkt og var það gert samhljóða og án umræðu.

Þingskjal nr. 4. Lagt til að tillagan á því yrði samþykkt og var það gert án mótatkvæða.

Þingskjal nr.5. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt með smáviðbót. Á eftir 4. tölulið um reglur er gilda skulu við ákvörðun um það hvaða lið komast áfram í næstu umferð komi ný setning " Áður en framlenging hefst skal ljósatafla færð á núll og stig framlengingar talin frá núlli bæði á ljósatöflu og á leikskýrslu."

Orðið laust.

Eiríkur Sigurðsson lagði fram breytingatillögu "Keppnin um lausu sætin í áttaliðaúrslitum í 1. aldursflokkum svo og keppni í yngri flokkum fer þannig fram að dregið er um hvaða lið leika saman og fær það lið sem fyrst er dregið heimaleik þó aldrei tvisvar í röð. Eftir að í átta liða úrslit kemur í 1. aldursflokkum karla og kvenna, að frátöldum úrslitaleiknum skal leika tvo leiki o.s.frv."

Þessi málsgrein komi á eftir ...úr neðri deildunum."

Niður falli "í hverri umferð"

Þessi breytingatillaga var nú borin undir atkvæði og samþykkt með 17 atkvæðum gegn 2.

Breytingatillaga frá laga- og leikreglnanefnd samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 5 samþykkt með einu mótatkvæði.

Þingskjal nr. 6. Nefndin leggur til að það verði samþykkt.

Eiríkur Sigurðsson kom með breytingatillögu á þá leið að 26. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót standi óbreytt en á eftir komi ný málsgrein " Í átta og fjögurra liða úrslitum bikarkeppni 1. aldursflokks karla og kvenna gilda reglur um skiptingu tekna og útgjalda eins og að ofan greinir um Íslandsmót."

Laga- og leikreglnanefnd kom með svohljóðandi breytingatillögu. Á eftir " Í úrslitaleikjum í Bikarkeppni KÍ" komi "og í leikjum að áttaliðaúrslitum í 1. aldursflokki og yngri flokkum"

Tillaga frá laga- og leikreglnanefnd var nú samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 7. Nefndin leggur til að tillagan verði samþykkt óbreytt og var það gert án umræðu.

Þingskjal nr. 8. Nefndin leggur til að tillögur á því skjali verði samþykktar. Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 10. Nefndin lagði eftirfarandi tillögu:

"25. ársþing KÍ lýsir sig samþykkt þeim hugmyndum sem settar eru fram á þingskjali nr. 10. Þingið heimilar unglínganefnd að fullmóta tillöguna og að hún verði síðan sett inn í reglugerð um körfuknattleiksmót og eftir henni keppt frá og með hausti 1985." Samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 12. Nefndin lagði fram umorðaða tillögu og lagði til að hún yrði samþykkt en einnig lagði hún fram eftirfarandi tillögu " 25. ársþing KÍ ályktar að fela dóm- aranefnd KÍ að setja þær reglur sem dæma skal eftir til úrskurðar um hvort lið í 5. aldursflokki og Minnibolta leiki maður á mann eður ei. Dómaranefnd skal einnig ákveða þá refsingu sem skal vera við því að leika svæðisvörn. Reglur þessar skulu sendar félögum til kynningar eigi síðar en 1. september 1985."

Báðar þessar tillögur voru samþykktar samhljóða.

Þingskjal nr. 13. Tillaga frá Hilmari Hafsteinssyni. Ekki náðist samstaða um það í nefndinni að mæla með samþykkt tillögunnar.

Kristinn Guðnason mælti mjög sterklega gegn tillögunni og máli sínu til stuðnings benti hann á áhorfendafjölda í Úrslita-keppninni.

Torfi Magnússon tók undir orð Kristins. Hann taldi ekki komna nægilega mikla reynslu á það fyrirkomulag sem nú er við lýði.

Sigurður Lárus Hólm var sammála bæði Kristni og Torfa.

Tillagan borin undir atkvæði og samþykkir henni voru 3 en 16 á móti.

Þingskjal nr. 3. Nefndin mælir með samþykkt tillögunnar. Samþykkt samhljóða.

X. ÖNNUR MÁL.

Eiríkur Ingólfsson kvaddi sér hljóðs og tók til umræðu mál sem upphafði komið í kjölfar samþykktar á fjárhagsáætlun. Hann bar fram svohljóðandi dagskrártillögu:

"25. ársþing KKÍ samþykkir að taka aftur til umræður fjárhagsáætlun sem áður var samþykkt, þar sem forsendur fyrir samþykkt hennar eru verulega breyttar."

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Hilmar H. Gunnarsson fræðslustjóri tilkynnti að möguleiki væri á að fá hingað erlendan þjálfara á bilinu 15. - 20. júlí til að halda stutt námskeið. Nauðsýnlegt væri að vita hvort áhugi væri fyrir hendi svo að ekki væri verið að setja upp 5 - 6 manna námskeið.

Eiríkur Ingólfsson tók nú aftur til máls og lagði fram nýja fjárhagsáætlun ( sjá þingskjal nr 14.)

Sigurður Lárus Hólm lagði til að skipting tekna vegna sjónvarpssendinga 1985 - 86 skyldi vera 1/4 til unglínganefndar og 3/4 til landsliðsnefndar, vegna EM 1986.

Fjárhagsáætlun nú borin undir atkvæði og samþykkt með 13 atkvæðum gegn engu.

Eiríkur Ingólfsson bar fram svohljóðandi tillögu:

"25. ársþing KKÍ samþykkir að hugsanlegir styrkir sem KKÍ fær á starfsárinu 1985 - 86 og ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun, renni til landsliðsnefndar."

Jónas Ingi Ketilsson taldi fulllangt gengið í tillögunni t.d. ef sambandinu yrði boðinn styrkur til uppbyggingar unglingastarfi væri hart að þurfa að hafna honum vegna þingsamþykktar.

Eiríkur Ingólfsson kvaddi sér hljóðs vegna skemmtilegs máls. Einn af landsliðsmönnum okkar, Torfi Magnússon, náði þeim merka áfanga að leika sinn 100. landsleik nú fyrir stuttu og í tilefni af því var honum afhent gullúr í viðurkenningar og þakklætisskyni.

Auðunn Ágústsson bar nú fram breytingatillögu við tillögu Eiríks Ingólfssonar varðandi hugsanlega styrki og fól hún í sér að stjórn KKÍ léti þá renna til landsliðsnefndar eftir því sem fært þætti.

Björn Björgvinsson sá ekki ástæðu til þess að samþykkja svona tillögu þar sem þeim vilja hefði verið lýst að landsliðið hefði forgang á komandi starfsári.

Auðunn kvað sína tillögu eingöngu fram borna til að koma í veg fyrir að tillaga Eiríks yrði samþykkt.

Drógu nú bæði Eiríkur og Auðunn tillögur sínar til baka.

XI. Kosning 3ja manna í körfuknattleiksdómstól og 3ja manna til vara.

Aðalmenn: Árni Guðmundsson til eins árs  
Gísli Gíslason til tveggja ára  
Kristinn Guðnason til þriggja ára

Varamenn: Kolbrún Jónsdóttir til eins árs  
Atli Arason til tveggja ára  
Kolbeinn Pálsson til þriggja ára

XII. Kosning eins manns í Aganefnd til þriggja ára og eins til varæ til eins árs.

Aðalmaður til þriggja ára: Hrafn G. Johnsen

Varamaður til eins árs: Kristjana Hrafnkelsdóttir

XIII: Kosning 3 manna í nefnd samkvæmt reglugerð um erlenda leikmenn. Fellur niður.

XIV. Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðenda og fulltrúa á íþróttaping.

Tillögur kjörnefndar:

Varastjórn: Eiríkur Ingólfsson

Björn Sigurðsson

Sjálfkjörin til eins árs:

Þóra Steffensen

Hilmar H. Gunnarsson

Stjórnarmenn til tveggja ára:

Kristinn Albertsson

Hörður Gunnarsson

Formaður: Björn Björgvinsson

Endurskoðendur:

Gunnar Gunnarsson

Sigurður Valur Halldórsson

Voru ofangreind öll réttkjörin og var þeim fagnað með lófatakum, þá ekki síst kjöri formanns.

Kosningu fulltrúa á íþróttaping var að venju vísað til stjórnar.

XV. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar.

Þingriturum var að venju boðið upp á að ganga frá þinggerð og senda hana síðan til þingfulltrúa. Þáðu þeir það.

Björn Björgvinsson nýkjörinn formaður tók nú til máls.

Hann þakkaði það traust og þann heiður sem sér væri sýndur

með því að kjósa sig sem formann KKÍ. Hann sagði að sér

væri það ljóst að nú væru krepputímar í körfubolta á Íslandi

Hann bað þingfulltrúa að gera sér það ljóst að KKÍ væri aðeins

andlit félaganna og yrði því aldrei sterkara en þau byðu upp

á. Björn kvaðst vonast til að ný stjórn bæri gæfu til að

vinna af alhug að framgangi körfuknattleiks í landinu, finna

út hvaða punktar hefðu verið veikastir og hvað væri til ráða. Hann kvaðst að lokum vonast efitr góðu samstarfi við alla.

Bjarni P. Magnússon óskaði Birni og stjórn hans velfarnaðar í starfi um leið og hann þakkaði þeim sem nú hverfa úr stjórn fyrir vel unnin störf og Kolbrúnu Jónsdóttur framkvæmdastjóra fyrir góðan undirbúning þingsins.

Hann sagði síðan 25. ársþingi KKÍ slitið.

Kolbrún Jónsdóttir  
þingritari.

Þingskjöl eins og þau voru lögð fyrir þingið í upphafi.



Þingskjal nr. 1.

Breytingatillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Niður falli:

"I. DEILD KVENNA..... viðkomandi félög."

Í staðinn komi:

"Í meistaraflokki kvenna skal mótanefnd KKI ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau."

Kolbrún Jónsdóttir og Þórdís Kristjánsdóttir

---

Þingskjal nr. 2.

Breytingatillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Viðbót við II.deild karla.

Á eftir ....eða I. deild. komi

"Ef þátttökulið eru 10 eða fleiri skal leikið í riðlum. Riðlakeppni skal lokið fyrir 1. mars. Síðan skal leika til úrslita um sæti í 1. deild að ári. Í þeirri keppni taka þátt þau lið sem urðu í 1. og 2. sæti í hverjum riðli og leika allir við alla heima og heiman."

Kolbrún Jónsdóttir og Þórdís Kristjánsdóttir

---

Þingskjal nr. 3.

Breytingatillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Niður falli:

"Tvö neðstu lið..... næsta leikár á eftir."

Í Staðinn komi:

"Það lið sem fæst stig hefur hlotið að loknum 20 umferðum fellur í 1. deild og leikur þar næsta leikár á eftir."

Kolbrún Jónsdóttir og Þórdís Kristjánsdóttir

---

Þingskjal nr. 4.

Breytingatillaga við 26. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Niður falli:

"Félag sem vanrækir..... í hvert skipti."

Í staðinn komi:

"Félag sem vanrækir umsjón með heimaleik, þannig að leikur fari ekki fram, tapar þeim leik."

Gunnar Gunnarsson, Þórdís Kristjánsdóttir og Jón Steingrímsson.

---

Tillaga um breytingu á reglugerð um Bikarkeppni KÍ, lögð fram á 25. ársþingi Körfuknattleikssambands Íslands 17. og 18. maí 1985.

Flutningsmenn: Sigurður Lárus Hólm  
Kristinn Jörundsson  
Kristinn Guðnason  
Þórdís Anna Kristjánsdóttir  
Kolbrún Jónsdóttir

Í stað 16. greinar reglugerðar um Körfuknattleiksmót, komi ný grein sem orðast á eftirfarandi hátt.

#### 16. grein

Grein þessi fjallar um Bikarkeppni KÍ, sem haldin er í eftirfarandi flokkum:

- a) 1. aldursflokkki karla og kvenna
- b) 2. aldursflokkki karla og kvenna
- c) 3. aldursflokkki karla
- d) 4. aldursflokkki karla

Framkvæmd Bikarkeppninnar er í höndum mótanefndar KÍ. Öllum aðildarfélagum er heimilt að senda lið til þátttöku í Bikarkeppninni. Hvert félag má senda tvö lið til keppni í 1. aldursflokkki karla og kvenna, A og B lið. Sendi félag, sem keppir í deildakeppninni tvö lið til þátttöku í 1.aldursflokkki telst það lið A lið, sem tekur þátt í deildakeppninni. Í öllum öðrum aldursflokkum er einungis heimiluð þátttaka eins liðs frá hverju aðildarfélagi. Keppnin er með útsláttarfyrikomulagi.

Bikarkeppnin fer fram á eftirfarandi hátt: Leika skal þannig að eins fljótt og unnt er verði fjöldi þátttökuliða heilt veldi af tveimur. Í Bikarkeppni 1. aldursflokks karla A-liða gildir að þau lið sem leika í úrvalsdeild öðlast sjálfkrafa þátttökurétt í áttaliða úrslitum ásamt tveimur öðrum liðum sem þá eru eftir úr neðri deildunum. Í hverri umferð, að frátöldum úrslitaleiknum, skal leika tvo leiki heima og heiman. Draga skal um hvaða lið hlýtur fyrst heimaleik. Draga skal á þann hátt að fyrst eru dregin öll þau lið sem leika eiga á heimavelli þ.e. helmingur þeirra liða sem eftir eru og þau númeruð 1,3,5,o.s.frv. Að því loknu eru dregin þau lið sem leika eiga á útivelli og þau númeruð 2,4,6 o.s.frv. Lið nr. 1 leikur við lið nr. 2, lið nr. 3 við lið nr 4 o.s.frv. Í síðari leik hverrar umferðar leika liðin með númer 2,4,6, o.s.frv. á heimavelli. Við ákvörðun á hvaða lið kemst áfram í næstu umferð gilda eftirfarandi reglur í þeirri röð sem þær eru taldar.

- 1) Það lið sem sigrar í báðum leikjunum kemst áfram.
- 2) Vinni liðin sitt hvorn leikinn kemst það lið áfram sem hefur hagstæðara skor úr leikjunum samanlagt.
- 3) Sé skor liðanna jafnt kemst það lið áfram sem hefur skorað fleiri stig á útivelli.
- 4) Hafi liðin skorað jafn mörg stig á útivelli skal fram-  
lengja síðari leikinn þar til annað liðið hefur sigur og kemst það þar með áfram í næstu umferð.

Um Úrslitaleiki gildir að aðeins er leikinn einn leikur í hverjum flokki. Í 1. aldursflokkki karla og kvenna skal hann fara fram í Íþróttahöllinni í Laugardal en í öðrum flokkum á hlutlausum velli.

Leikjum að átta liða úrslitum skal vera lokið fyrir 1. desember. Öllum leikjum nema úrslitaleikjum skal vera lokið fyrir 1. mars. Mótanefnd skal dagsetja úrslitaleikina og hefur einnig heimild til að breyta áður nefndum dagsætningum séu til þess gildar ástæður að mati nefndarinnar.

Leiki í Bikarkeppni yngri flokka er heimilt að leika í æfingátímum félaga sé slíkt hentugt.

Um skiptingu tekna og útgjalda af Bikarkeppni KÍ gilda ákvæði 26. greinar reglugerðar þessarar.

Þingskjal nr. 6.

Breytingatillaga við 26. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Á eftir .....tekjur af heimaleikjum sínum í Íslandsmóti, komi: "og Bikarkeppni."

Á eftir..... á útivelli í Íslandsmóti, komi: " og Bikarkeppni."

Önnur málsgrein hefjist á þessum orðum:

" Í úrslitaleikjum í Bikarkeppni KKÍ gilda eftir farandi reglur um skiptingu tekna og útgjalda. .... milli beggja liðanna.

Sigurður Lárus Hólm.

---

Þingskjal nr. 7

Í stað 27. greinar reglugerðar um Körfuknattleiksmót komi ný grein sem hljóðar svo:

27. grein

Félög skulu tilkynna þátttöku allra flokka í Íslandsmóti og Bikarkeppni eigi síðar en 1. júní. Þátttökutilkynningu skal fylgja staðfestingargjald vegna þátttöku í Íslandsmóti, 10 % af þátttökugjaldi. Staðfestingargjald er óafturkræft þó að félag dragi flokka út úr keppni.

Eftirstöðvar þátttökugjalda greiðast í þrennu lagi, þannig:

1/3 hluti fyrir 15. september

1/3 hluti fyrir 1. nóvember

1/3 hluti fyrir 15. desember.

Stjórn KKÍ er heimilt að reikna dráttarvexti á vanskil og reiknast þeir fimmtán dögum eftir gjalddaga.

Þátttökugjald í Bikarkeppni greiðist fyrir hvern leik, áður en hann fer fram.

Sigurður Lárus Hólm

---

Þingskjal nr. 8.

Fyrsta málsgrein í 5. tölulið reglugerðar fyrir mótanefnd breytist og orðist svo:

Þátttökutilkynningum til Íslandsmóts og Bikarkeppni skal skila til Mótanefndar fyrir 1. júní sbr. 27. grein reglugerðar um Körfuknattleiksmót.

Fyrsta setning í 6. málsgrein 11. greinar í reglugerð um körfuknattleiksmót breytist og hljóði svo.

Um tekjuskiptingu í fyrsta og öðrum leik í báðum lotum, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til þriðja leiks skulu bæði félög bera af honum jafnan kostnað og hafa jafnar tekjur.

Sigurður Lárus Hólm.

---

Breytingartillaga við

11. grein

Þrjú efstu lið úrvalsdeildar,.....

.....

... lotum, þannig: það lið sem hafnar í öðru sæti skal keppa tvo eða þrjú leiki við lið úr þriðja sæti. Það lið sem fyrir sigrar í tveimur leikjum skal leika tvo eða þrjú leiki við það lið, sem hafnaði í 1.sæti. Það lið sem fyrir sigrar í tveimur leikjum hlýtur sámdarheitið Íslandsmeistari. Um framkvæmd ....

... reglur: Liðið úr öðru sæti eftir fjórfalda umferð úrvalsdeildar, skal leika fyrsta leik úrslitakeppninnar á heimavelli. Annar leikurinn skal leikinn á heimavelli liðsins úr 3.sæti. Þurfi þriðja leikinn skal leikið á heimavelli liðs úr 2. sæti. Um leikstað í síðari lotu ..... hafnaði í fyrsta sæti .....

Um tekjuskiptingu í ..... ,en komi til þriðja leiks í fyrri umferð úrslitakeppni, skulu reglur um tekju- og útgjalda-skiptingu í bikarkeppni KKÍ gilda. Komi til þriðja leiks í síðari umferð úrslitakeppni, skulu gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, Þó þannig að aðkomu lið fái greiddan ferða-kostnað.

Neðsta lið úrvalsdeildar fellur í 1. deild og leikur þar næsta leikár á eftir.

1.deild: ..... ó.s.frv.

Greinagerð.

Því sem hér er verið að breyta er :

1. Í stað fjögurra liða í úrslitakeppni úrvalsdeildar verði nú þrjú. Efsta lið eftir 4 umferðir situr hjá í fyrstu umferð.
2. Tekjur af odda leik í síðari umferð fellur í skaut þess liðs sem varð efst eftir 4 umferðir.
3. Neðsta lið eftir 4 umferðir fellur í 1.deild.

Ingvar Kristinsson  
Hálfdan Þórir Markússon

Tillaga unglínganefndar K.K.I. um framkvæmd Íslandsmóts yngri flokka.

Íslandsmótið fer fram í keppnisriðlum eins og nú er, en skipt verður í riðla eftir styrkleika liðanna.

Í A-riðli eru 5 bestu liðin í hverjum flokki, í B-riðli eru 5 næstu lið og í C-riðli liðin sem eftir eru. Í fyrstu umferð er skipt í riðla eftir frammistöðu síðasta árs. Eftir það færast efstu lið í B-riðli og C-riðli upp og næstu lið í A- og B-riðli niður eftir hverja umferð. Umferðirnar verða 4 og liðið, sem vinnur A-riðil í 4. umferð verður Íslandsmeistari.

	1. umferð	2. umferð	3. umferð	4. umferð	
A-riðill	1. ....	1. ....	1. ....	1. ....	= ÍSLANDSMEISTARI.
	2. ....	2. ....	2. ....	2. ....	
	3. ....	3. ....	3. ....	3. ....	
	4. ....	4. ....	4. ....	4. ....	
	5. ....	5. ....	5. ....	5. ....	
B-riðill	1. ....	1. ....	1. ....	1. ....	
	2. ....	2. ....	2. ....	2. ....	
	3. ....	3. ....	3. ....	3. ....	
	4. ....	4. ....	4. ....	4. ....	
	5. ....	5. ....	5. ....	5. ....	
C-riðill	1. ....	1. ....	1. ....	1. ....	
	2. ....	2. ....	2. ....	2. ....	
	3. ....	3. ....	3. ....	3. ....	
	4. ....	4. ....	4. ....	4. ....	
	5. ....	5. ....	5. ....	5. ....	

*Handwritten annotations: "Upp" (up) and "Fellur" (down) with arrows indicating the movement of teams between rounds. In the A-riðill, arrows point from 5th to 4th, 4th to 3rd, 3rd to 2nd, and 2nd to 1st. In the B-riðill, arrows point from 1st to 2nd, 2nd to 3rd, 3rd to 4th, and 4th to 5th. In the C-riðill, arrows point from 1st to 2nd, 2nd to 3rd, 3rd to 4th, and 4th to 5th.*

F. h. unglínganefndar


Torfi Nagnússon

F J Á R H A G S Á Æ T L U N    K.K.Í.    1.5.1985 - 30.4.1986.TEKJUR:

Þátttökugjöld í Íslandsmóti	Kr.	358.000
Tekjur af leikjum í - " -	"	110.000
Tekjur af leikskrá	"	70.000
Þátttökugjöld í bikarkeppni	"	90.000
Tekjur af leikjum í - " -	"	10.000
Styrkur ÍSÍ	"	450.000
Selt kennsluefni	"	70.000
Sjónvarpsréttindi	"	40.000
		<u>Kr. 1.198.000</u>

GJÖLD:

Íslandsmót	Kr.	90.000
Bikarkeppni	"	20.000
Framkvæmdastjóri	"	250.000
Akstur	"	75.000
Rekstur skrifstofu	"	160.000
Þinghald, fundir, gjafir o.fl.	"	120.000
Fræðslustjóri	"	80.000
Styrkur til Landsliðsnefndar	"	200.000
Styrkur til Unglinganefndar	"	150.000
Kostnaður v/erlends dómara	"	100.000
Ýmis kostnaður	"	60.000
		<u>Kr. 1.305.000</u>



# Körfuknattleikssamband Íslands

## Icelandic Basketball Association

Til forsvarsmanna  
félaga innan KKÍ.

ÍPRÓTTAMIÐSTÖÐIN LAUGARDAL  
P.O. BOX 864  
121 REYKJAVÍK · ICELAND  
TELEPHONE: 91-85949  
TELEX: 2314 ÍSÍ/ÍS

10.05.1985.

Pingskjöl nr. 11 a og 11 b.

Samhliða fjárhagsáætlun hyggst stjórn KKÍ leggja fram  
eftirfarandi tvær tillögur:

- a) Stjórn KKÍ leggur til að tekjum af útsendingum á leikjum  
1 Urvalsdeild í sjónvarpi verði skipt á eftirfarandi hátt:
- 1/4 hluti renni til Urvalsdeildarféлага
  - 1/4 hluti renni til Unglinganefndar
  - 1/4 hluti renni til Landsliðsnefndar
  - 1/4 hluti renni til KKÍ.

- 
- b) Stjórn KKÍ leggur til að keppnistímabilið 1985 - 1986  
verði lögð áhersla á að fá hingað til lands dómara til starfa  
í 7 mánuði. Til fjármögnunar á því verkefni leggi félögin  
fram eftirtaldar upphæðir, sem greiðast eins og þátttöku-  
og dómaragjöld á fjórum gjalddögum 15.sept., 1. nóv., 15.  
des. og 1. feb.

Hvert: Urvalsdeildarlið	kr. 20.000.-
I. deild karla	" 15.000.-
2. deild karla og	
meistaraflokkur kv.	" 7.000.-

Til skýringar:

- 1) Starfandi dómara hafa samþykkt að dæma aftur fyrir sömu  
laun og þeir gerðu síðastliðinn vetur geti það orðið til þess  
að fá hingað dómara, þannig að engin hækkun verður á dómara-  
gjöldum.
- 2) Ef hægt er að ganga frá þessu máli nú þegar er hægt að  
skipulaeggja starf dómara mun betur sérstaklega með til-  
liti til landsbyggðarinnar.
- 3) Nú standa yfir viðræður við Rob Iliffe um möguleika á  
að hann komi aftur og eru þær jákvæðar.

Með kveðju

Stjórn Körfuknattleikssambands Íslands 1984-85.



Þingskjöl eins og þau voru borin undir atkvæði og samþykkt eða felld. (með áorðnum breytingum)

Þingskjal nr. 1.

Breytingatillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Niður falli:

"I. DEILD KVENNA..... viðkomandi félög."

Í staðinn komi:

"Í meistaraflokki kvenna skal mótanefnd KÍ ákveða keppnisfyrirkomulag hverju sinni með tilliti til fjölda þátttökuliða og þá í samráði við þau."

Kolbrún Jónsdóttir og Þórdís Kristjánsdóttir (Samþykkt)

---

Þingskjal nr. 2.

Breytingatillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Viðbót við II.deild karla.

Á eftir ....eða I. deild. komi

"Ef þátttökulið eru 10 eða fleiri skal leikið í riðlum. Riðlakeppni skal lokið fyrir 1. mars. Síðan skal leika til úrslita um sæti í 1. deild að ári. Í þeirri keppni taka þátt þau lið sem urðu í 1. og 2. sæti í hverjum riðli og leika allir við alla heima og heiman."

Kolbrún Jónsdóttir og Þórdís Kristjánsdóttir (Samþykkt)

---

Þingskjal nr. 3.

Breytingatillaga við 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Niður falli:

"Tvö neðstu lið..... næsta leikár á eftir."

Í Staðinn komi:

"Það lið sem fæst stig hefur hlotið að loknum 20 umferðum fellur í 1. deild og leikur þar næsta leikár á eftir."

Kolbrún Jónsdóttir og Þórdís Kristjánsdóttir (Samþykkt)

---

Þingskjal nr. 4.

Breytingatillaga við 26. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót.

Niður falli:

"Félag sem vanrækir..... í hvert skipti."

Í staðinn komi:

"Félag sem vanrækir umsjón með heimaleik, þannig að leikur fari ekki fram, tapar þeim leik."

Gunnar Gunnarsson, Þórdís Kristjánsdóttir og Jón Steingrímsson. (Samþykkt)

---

Í stað 16. greinar reglugerðar um körfuknattleiksmót, komi ný grein sem orðist svo.

16. grein

Grein þessi fjallar um Bikarkeppni KÍ, sem haldin er í eftirtöldum flokkum:

- a) 1. aldursflokkur karla og kvenna
- b) 2. aldursflokkur karla og kvenna
- c) 3. aldursflokkur karla
- d) 4. aldursflokkur karla

Framkvæmd Bikarkeppninnar er í höndum mótanefndar KÍ. Öllum aðildarfólögum er heimilt að senda lið til þátttöku í Bikarkeppninni. Hvert félag má senda tvö lið til keppni í 1. aldursflokkur karla og kvenna, A og B lið. Sendi félag, sem keppir í deildakeppninni tvö lið til þátttöku í 1. aldursflokkur, telst það lið A lið, sem tekur þátt í deildakeppninni.

Í öllum öðrum aldursflokkum er einungis heimiluð þátttaka eins liðs frá hverju aðildarfélagi. Keppnin er með útsláttarfyrikomulagi.

Bikarkeppnin fer fram á eftirfarandi hátt: Leika skal þannig að eins fljótt og unnt er verði fjöldi þátttökuliða heilt veldi af tveimur. Í Bikarkeppni 1. aldursflokks karla A - liða gildir að þau lið sem leika í Úrvalsdeild öðlast sjálfkrafa þátttökurétt í áttaliða úrslitum ásamt tveimur liðum sem þá eru eftir ur neðri deildunum.

Keppnin um lausu sætin tvö í átta liða úrslitum í 1. aldursflokkur svo og keppni í yngri flokkum fer þannig fram að dregið er um hvaða lið leika saman og fær það lið sem fyrr er dregið heimaleik þó aldrei tvisvar í röð. Eftir að í átta liða úrslit kemur í 1. aldursflokkur karla og kvenna kemur, að frátöldum úrslitaleiknum skal leika tvo leiki heima og heiman. Draga skal um hvaða lið hlýtur fyrst heimaleik. Draga skal þannig að fyrst eru dregin öll þau lið sem leika skulu á heimavelli þ.e. helmingur þeirra liða sem eftir eru og þau númeruð 1,3,5 o.s.frv. Að því loknu eru dregin þau lið sem leika eiga á útivelli og þau númeruð 2,4,6. o.s.frv. Lið nr. 1. leikur við lið nr. 2., lið nr.3. við lið nr. 4 o.s.frv. Í síðari leik hverrar umferðar leika liðin nr. 2,4,6, o.s.frv. á heimavelli. Við ákvörðun á hvaða lið kemst áfram í næstu umferð gilda eftirfarandi reglur í þeirri röð sem þær eru taldar.

- 1) Það lið sem sigrar í báðum leikjunum kemst áfram.
- 2) Vinni liðin sitt hvorn leikinn kemst það lið áfram sem hefur hagstæðara skor úr leikjunum samanlagt.
- 3) Sé skor liðanna jafnt kemst það lið áfram sem skorað hefur fleiri stig á útivelli.
- 4) Hafi liðin skorað jafnmörg stig á útivelli skal framlengja síðari leikinn þar til annað liðið hefur sigur og kemst það þar með áfram í næstu umferð. Áður en framlenging hefst skal ljósatafla færð á núll og stig framlengingar talin frá núlli bæði á ljósatöflu og leikskýrslu.

Um úrslitaleiki gildir að aðeins er leikinn einn leikur í hverjum flokkur. Í 1. aldursflokkur karla og kvenna skal hann fara fram í Íþróttahöllinni í Laugardal en í öðrum flokkum á hlutlausum velli.

Þingskjal nr. 5 framhald.

Leikjum að átta liða úrslitum skal ver lokið fyrir 1. desember. Öllum leikjum nema úrslitaleikjum skal vera lokið fyrir 1. mars.

Mótanefnd skal dagsetja úrslitaleikina og hefur einnig heimild til að breyta áðurnefndum dagsetningum séu til þess gildar ástæður að mati nefndarinnar.

Leiki í Bikarkeppni yngri flokka er heimilt að leika í æfingartíma félaga sé slíkt hentugt.

Um skiptingu tekna og útgjalda af Bikarkeppni gilda ákvæði 26. greinar reglugerðar þessarar.

(Samþykkt)

Flutningsmenn: Sigurður L. Hólm, Kristinn Jörundsson, Kristinn Guðnason, Þórdís Anna Kristjansdóttir og Kolbrún Jónsdóttir.

---

Þingskjal nr. 6.

Breytingatillaga við 26. grein reglugerðar um Körfuknattleiksmót.

Á eftir ....tekjur af heimaleikjum sínum í Íslandsmóti, komi "og Bikarkeppni."

Á eftir .....á útivelli í Íslandsmóti, komi "og Bikarkeppni."

Önnur málsgrein hefjist á þessum orðum:

" Í úrslitaleikjum í Bikarkeppni KKÍ og í leikjum að átta liðaúrslitum í 1. aldursflokki og í öllum leikjum í yngri flokkum gilda eftirfarandi reglur um skiptingu tekna og útgjalda.... milli beggja liðanna."

Sigurður Lárus Hólm

(Samþykkt)

---

Þingskjal nr. 7.

Í stað 27. greinar reglugerðar um körfuknattleiksmót, komi ný grein sem hljóðar svo:

27. grein

Félög skulu tilkynna þátttöku allra flokka í Íslandsmóti og Bikarkeppni eigi síðar en 1. júní. Þátttökutilkynningu skal fylgja staðfestingargjald vegna þátttöku í Íslandsmóti, 10% af þátttökugjaldi. Staðfestingargjald er óafturkræft þó að félag dragi flokka út úr keppni.

Eftirstöðvar þátttökugjalda greiðast í þrennu lagi, þannig:

1/3 hluti fyrir 15. september

1/3 hluti fyrir 1. nóvember

1/3 hluti fyrir 15. desember

Stjórn KKÍ er heimilt að reikna dráttarvexti á vanskil og reiknast þeir fimmtán dögum eftir gjalddaga.

Þátttökugjald í Bikarkeppni greiðist fyrir hvern leik, áður en hann fer fram.

Sigurður Lárus Hólm

(Samþykkt)

---

Þingskjal nr. 8.

Fyrsta málsgrein í 5. tölulið reglugerðar fyrir mótanefnd breytist og orðist svo:

"Þátttökutilkynningum til Íslandsmóts og Bikarkeppni skal skila til mótanefndar fyrir 1. júní sbr. 27. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót."

Fyrsta setning í 6. málsgrein 11. greinar í reglugerð um Körfuknattleiksmót breytist og hljóði svo:

"Um tekjuskiptingu í fyrsta og öðrum leik í báðum lotum, gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti en komi til þriðja leiks skulu bæði félög bera af honum jafnan kostnað og hafi jafnar tekjur."

Sigurður Lárus Hólm.

Samþykkt

---

Þingskjal nr. 12.

Á undan b) lið í 11. grein reglugerðar um körfuknattleiksmót komi ný málsgrein sem hljóði svo:

"Í 5. aldursflokk og minnibolta skal einungis heimilt að leika maður á mann vörn."

Jón Sigurðsson

Viðbótartillaga við þingskjal nr. 12.

"25. ársþing KKÍ ályktar að fela dómarnefnd KKÍ að setja þær reglur sem dæma skal eftir til úrskurðar um hvort lið í 5. aldursflokk og minnibolta leiki svæðisvörn eður ei. Dómarnefnd skal einnig ákveða þá refsingu sem skal vera ef lið leikur svæðisvörn. Reglur þessar skulu sendar félögunum til kynningar eigi síðar en 1. september 1985."

Laga-og leikreglnanefnd

Samþykkt

---

Þingskjal nr. 13.

Sá hluti 11. greinar reglugerðar um körfuknattleiksmót sem fjallar um Úrvalsdeild fellur niður í núverandi mynd og í staðinn komi eftirfarandi:

"Úrvalsdeild skal skipuð 6 liðum sem leiki fjórfalda umferð. Efsta liðið að loknu Íslandsmóti er Íslandsmeistari, neðsta liðið fellur í 1. deild. Lið raðast í lokastöðu samkvæmt reglum F.I.B.A."

Hilmar Hafsteinsson

Fellð.

---

Þingskjal nr. 14.

F J Á R H A G S Á Æ T L U N K.K.Í. 1.5.1985 - 30.4.1986.

TEKJUR:

Þátttökugjöld í Íslandsmóti	Kr.	358.000
Tekjur af leikjum í Íslandsmóti	"	110.000
Tekjur af leikskrá	"	70.000
Þátttökugjöld í Bikarkeppni	"	90.000
Tekjur af leikjum í Bikarkeppni	"	10.000
Styrkur Í.S.Í.	"	450.000
Selt kennsluefni	"	70.000
		<u>Kr. 1.158.000</u>

GJÖLD:

Íslandsmót	Kr.	90.000
Bikarkeppni	"	20.000
Framkvæmdastjóri	"	250.000
Akstur	"	75.000
Rekstur skrifstofu	"	160.000
Þinghald, fundir, gjafir o.fl.	"	120.000
Fræðslustjóri	"	80.000
Styrkur til landsliðsnefndar	"	300.000
Styrkur til unglínganefndar	"	150.000
Ýmis kostnaður	"	60.000
		<u>Kr. 1.305.000</u>

Eiríkur Ingólfsson

Samþykkt

